

## M-91/2015 Álit 3. febrúar 2016 – Endurupptaka á M-65/2015

### Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 3. febrúar 2016 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-91/2015:

#### I

##### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 27. febrúar 2015 bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings við Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Laut ágreiningur aðila að hitastigi vatns sem seljandi afhendir álitsbeiðanda. Lauk nefndin málinu hinn 29. október 2015 með álit nr. M-65/2015. Hinn 6. nóvember óskaði álitsbeiðandi eftir endurupptöku málsins á þeim forsendum að kæruneftndin hefði misskilið ágreiningsefni aðila og að ágreiningurinn hafi ekki snúið að því hvort heitt vatn sem nefndur seljandi seldi álitsbeiðanda gæti talist gallað í skilningi laga nr. 48/2003 um neytendakaup, heldur snéri ágreiningurinn að forsendum seljanda væru fyrir verðlagningu á heitu vatni til álitsbeiðanda. Með bréfi, dags. 13. nóvember sl. tilkynnti kæruneftndin aðilum að málið hefði verið endurupptekið og gaf þeim frest til 24. nóvember til að koma að athugasemdum eða frekari gögnum í tengslum við málið. Engin frekari gögn bárust.

#### II

##### Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beðið kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Sem fyrr segir óskaði álitsbeiðandi endurupptöku málsins á þeim forsendum að kæruneftndin hefði misskilið kröfur hans í málinu og álit nefndarinnar í málinu nr. M-65/2015 væri því byggt á röngum forsendum, þ.e. þeim að álitsbeiðandi væri að byggja kröfur sínar á því að heitt vatn sem seljandi hefði afhent honum, væri haldið galla. Tók álitsbeiðandi fyrir að þann skilning mætti leggja í álitsbeiðni hans. Útskýrði álitsbeiðandi enn fremur í hverju ágreiningur hans við seljanda væri fólgin. Eftirfarandi skýring álitsbeiðanda á umræddu var svohljóðandi: „Ég er ekki að gera athugasemd við það verð sem ég greiði heldur er ég að gera athugasemd við það hverjar forsendur [seljanda] eru fyrir verðlagningunni [...]“.

Skv. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup fellur afhending á vatni vissulega undir lög. Sala á heitu vatni hér á landi er, svo sem í þessu tilviki, alla jafna háð einkaleyfi sem ráðherra veitir. Gilda því um sölu á vatni og samninga milli seljenda og kaupenda vatns m.a. orkulög nr. 58/1967 og sérstaklega í tilviki álitsbeiðanda og seljanda lög nr. 136/2013 um Y og reglugerðir settar á grundvelli þeirra laga. Ágreiningur aðila, eins og honum var lýst í beiðni hans um endurupptöku málsins snýr að þeim forsendum sem seljandi hefur fyrir verðlagningu til álitsbeiðanda. Slíkur ágreiningur fellur ekki undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup og ekki verður heldur séð að þau falli undir lög um lausafjárkaup eða neytendakaup. Af þessu leiðir að kæruneftndin hefur ekki heimild til þess að gefa álit sitt á þeim ágreiningi sem lýst er í álitsbeiðni. Kæruneftndinni ber því að vísa álitsbeiðninni frá sér.

### III

#### Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir